



Upplýsingaöryggisstefna

Fjarðabyggð hagnýtir upplýsingatækni og upplýsingakerfi við úrvinnslu gagna, varðveislu og miðlun þeirra á sem hagkvæmastan og tryggastan hátt. Upplýsingakerfi Fjarðabyggðar innihalda viðkvæmar og í sumum tilvikum persónugreinanlegar upplýsingar sem ekki má nota í öðrum tilgangi en vegna starfsemi Fjarðabyggðar. Trúverðugleiki og hagsmunir aðila, sem tengjast málum er upplýsingarnar varða, gætu skaðast ef upplýsingarnar eru ónákvæmar, komast í rangar hendur eða eru ekki aðgengilegar þegar þeirra er þörf.

Afleiðingar þess að fyllsta öryggis sé ekki gætt gætu m.a. orðið eftirfarandi:

- Viðkvæm persónugreinanleg gögn eða trúnaðargögn geta komist í hendur óviðkomandi aðila.
- Viðkvæm persónugreinanleg gögn eða trúnaðargögn tapast eða skemmast.
- Viðkvæm persónugreinanleg gögn eða trúnaðargögn séu nýtt á rangan hátt.

Fjarðabyggð leggur áherslu á mikilvægi meðferðar upplýsinga og upplýsingakerfa, þ.e.a.s. upplýsingaöryggi í heild sinni, í allri starfsemi sinni. Fjarðabyggð setur sér stefnu og skilgreinir formlegt verklag vegna vinnu starfsmanna og þjónustuaðila við gögn og kerfi Fjarðabyggðar.

Öryggisstefnan nær til umgengni og vistunar allra gagna sem eru í vörslu hjá Fjarðabyggð sem og samstarfs- og þjónustuaðila, hvort sem þær eru á rafrænu formi, prentuðu eða í mæltu máli. Þannig einsetur Fjarðabyggð sér að verja upplýsingar gegn innri og ytri ógn hvort sem þær eru vísitandi eða óviljandi.

Markmið með útfærslu og innleiðingu öryggiskerfis Fjarðabyggðar er að tryggja, ef skaði verður, áframhaldandi rekstur og lágmarka tjón með því að koma í veg fyrir eða lágmarka áhrif af atvikum sem geta truflað rekstur og þjónustu.

Fjarðabyggð hefur jafnframt sett sér stefnu er varðar útvistun þjónustubátta. Þar koma fram þær forsendur sem liggja til grundvallar ákvörðun um útvistun og þær kröfur sem gerðar eru til útvistunaraðila. Stjórnendur sjá til þess að öryggisstefna Fjarðabyggðar sé endurskoðuð reglulega af óháðum aðila með formlegum hætti. Við þá endurskoðun er sú hætta sem steðjað getur að þeim upplýsingakerfum sem eru í notkun og innihalda persónuupplýsingar, sem og öðrum kerfum er tengjast þeim, endurmetin. Í kjölfar slíks endurmats og endurskoðunar er öryggisstefnan uppfærð og samþykkt formlega, auk þess sem stefnan og hugsanlegar breytingar á henni eru kynnt starfsfólki og samstarfsaðilum. Því er öryggisstefna Fjarðabyggðar byggð upp með tilliti til trúnaðar, réttleika og tiltækileika gagna.

Trúnaður:

Fjarðabyggð útfærir öryggiskerfi sín á þann veg að sem minnstar líkur séu á því að utanaðkomandi aðilar fái aðgang að upplýsingum í heimildarleysi. Leitast verður við að tryggja á sem bestan máta að einungis þeir aðilar sem til þess hafa heimild, hafi aðgang að upplýsingum.

Réttleiki gagna:

Fjarðabyggð tryggir að upplýsingar sem skráðar eru hjá sveitarfélaginu á hverjum tíma, séu réttar og nákvæmlega skráðar. Að ónákvæmar, villandi, rangar eða úreltar upplýsingar séu leiðréttar með rekjanlegum hætti eða við þær aukið þegar slíkt uppgötvast og haldið verði uppi reglubundnu eftirliti í þeim tilgangi.



Aðgengi gagna:

Fjarðabyggð tryggir að upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfi hennar séu aðgengilegar, þeim sem hafa heimild til notkunar í kerfinu, þegar þeirra er þörf. Jafnframt að kerfi og gögn sem kunna að eyðileggjast sé hægt að endurheimta með hjálp neyðaráætlunar og afrita sem geymd eru á öruggum stað. Til að uppfylla trúnað, réttlæika og tiltækileika gagna tryggir Fjarðabyggð að aðgangsheimildum notenda sé stýrt á formlegan og rekjanlegan hátt m.a. til að komast hjá sviksemi. Tryggt sé að notendur geti ekki eytt gögnum endanlega.

Fjarðabyggð hefur skilgreint verklag og öryggisvarnir sem skýra ábyrgð aðila, markmið og tilgang stefnunnar sem og umfang hennar og ná m.a. til neðangreindra þátta:

- Neyðarstjórnun og öryggisfrávik
- Staðla, laga og reglugerða
- Hugbúnaðar
- Skipulagningar og samþykki kerfa
- Útvistunar
- Trúnaðarheita
- Meðferð búnaðar
- Aðgangsöryggis
- Gagnaöryggis – leynd og réttlæiki gagna
- Vernd gegn spillihugbúnaði
- Flokkunar gagna
- Neyðaráætlana
- Rekstraröryggis
- Viðbragða við öryggisfrávikum
- Verklagsreglna
- Græðslu
- Snjallsíma og spjaldtölva
- Förgunar búnaðar og miðla
- Handbókar um öryggismál
- Endurskoðunar, áhættumata og innra eftirlits

Öryggisstefna verður endurskoðuð reglulega með formlegum hætti. Endurmeta skal þá hættu sem stöðjað getur að þeim upplýsingakerfum sem eru í notkun hjá Fjarðabyggð og innihalda persónuupplýsingar, sem og öðrum kerfum og gagnasöfnum sem tengjast þeim. Í kjölfar slíks endurmats og endurskoðunar skal uppfæra öryggisstefnu þessa og samþykkja formlega, auk þess sem stefnan og breytingar sem á henni kunna að vera gerðar, sé kynnt starfsfólki og samstarfsaðilum.

Lög og reglur

Öryggisstefna þessi tekur mið af lögum og reglugerðum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (sjá lög nr. 90/2018) og af öryggisstaðlinum ÍST 27001:2017. Öryggisstefnan er í fullu samræmi við reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Starfsmenn sem hafa aðgang að upplýsingum, sem og þeir samstarfsaðilar Fjarðabyggðar sem koma að rekstri upplýsingakerfa Fjarðabyggðar, skulu hafa aðgang að og þekkja til öryggisstefnu þessarar, ferla, reglna og handbókar um öryggi gagna sem snertir vinnu þeirra.

Um meðferð og viðbrögð við brotum á reglum þessum er vísað til laga sem og verk- og kjarasamninga.

Fjarðabyggð, 6. júlí 2021


Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri